

1.fundur stjórnar FSÍ, haldinn þriðjudaginn 21.maí, kl.17:00 í fundarsölum ÍSÍ, Engjavegi 6.

Mættir: Þorgerður Laufey Diðriksdóttir formaður, Arnar Ólafsson varaformaður, Einar Ólafsson ritari, Jósep Húnfjörð gjaldkeri og Guðrún Harðardóttir meðstjórnandi. Auk þess sat fundinn eftirtalinn áheyrnarfulltrúar, Íris Svavarsdóttir formaður tækninefndar í hóp fimleikum, Hlíf Þorgeirsdóttir, formaður nefndar um fimleika fyrir alla, Halla Kari Hjaltsted formaður tækninefndar kvenna og Sigurður Hrafn Pétursson, formaður tækninefndar karla. Jafnframt sat fundinn Helgi Jóhannesson framkvæmdarstjóri FSÍ og Sólveig Jónsdóttir sviðsstjóri landsliðsmála.

Guðmundur Þór Brynjólfsson, formaður fræðslunefndar og Jón Finnbogason, formaður laganefndar, voru boðaðir en þáðu ekki boðið að þessu sinni.

Dagskrá:

1. Verkaskipting stjórnar

Á fyrsta fundi stjórnar þarf að skipta verkum stjórnar og er tillaga lögð fram að verkum verði skipt á eftirfarandi máta;

- Arnar Ólafsson sem varaformaður,
- Einar Ólafsson sem ritari,
- Jósep Húnfjörð sem gjaldkeri
- Guðrún Harðardóttir sem meðstjórnandi.

Tillagan samþykkt.

2. Verklag varðandi erindi fyrir stjórnarfundi og tímasetning á fundum.

Lagt er til að fundartímar stjórnar verði annan og fjórða þriðjudag í mánuði kl.17:00, a.m.k. fram að hausti. Lagt er til að allar tillögur sem leggja á fyrir fund verða að berast skrifstofu FSÍ fyrir kl.12:00 á fimmtudegi, vikuna fyrir fundardag.

Málið rætt

Tillagan er samþykkt.

3. Kosning í fastanefndir FSÍ

Í 18. gr.laga Fimleikasambandsins skal á fyrsta stjórnarfundi eftir fimleikaþing skal kjósa í fastanefndir sambandsins.

Framkvæmdarstóri FSÍ sendi tölvupóst á öll aðildarfélög FSÍ og óskaði eftir tilnefningum í fastanefndir FSÍ fyrir næsta starfsár. Jafnframt var birt tilkynning heimasíðu FSÍ, um sama efni . Mörg félög sendi inn tillögur um einstaklinga til fastanefndir FSÍ

Þær tilnefningar sem bárust voru:

Tækninefnd kvenna:

- Sandra Matthíasdóttir, tilnefnd af fimleikadeild Fylkis
- Nicoleta Cristina Branzai, tilnefnd af fimleikadeild Stjórnunar
- Auður Ólafsdóttir, tilnefnd af fimleikadeild Gerplu
- Hlín Bjarnadóttir, tilnefnd af fimleikadeild Gerplu
- Hildur Ketilsdóttir, tilnefnd af fimleikafélaginu Björk
- Florin Paun, tilnefndur af FIMAK
- Tinna Rut Traustadóttir, tilnefnd af fimleikadeild Gróttu

Tækninefnd karla

- Guðjón Guðmundsson, tilnefndur af fimleikafélaginu Björk
- Axel Ólafur Þórhannesson, tilnefndur af fimleikadeild Gerplu
- Magnús Heimir Jónasson, tilnefndur af fimleikadeild Gerplu
- Björn M. Tómasson, tilnefndur af fimleikadeild Ármanns
- Axel Bragason, tilnefndur af fimleikadeild Ármanns
- Þröstur Hrafnsson, tilnefndur af fimleikadeild Fylkis

Tækninefnd hópfimleika

- Niclaes Jerkeholt, tilnefndur af fimleikadeild Stjórnunnar
- Karen Jóhannsdóttir, tilnefnd af fimleikadeild Fjölnis
- Kristinn Þór Guðlaugsson, tilnefndur af fimleikadeild Ármanns
- Olga Bjarnadóttir, tilnefnd af fimleikadeild UMF Selfoss
- Ása Inga Þorsteinsdóttir, tilnefnd af fimleikadeild Gerplu.

Nefnd um fimleika fyrir alla,

- Sæunn Viggósdóttir, tilnefnd af fimleikadeild Ármanns
- Guðrún Tryggvadóttir, tilnefnd af fimleikadeild UMF Selfoss
- Helga Bára Bartels Jónsdóttir, tilnefnd af fimleikadeild Gerplu
- Óli Geir Jóhannsson, tilnefndur af íþróttafélaginu Glóð

Í fræðslunefnd

- Auður Vala Gunnarsdóttir, tilnefnd af íþróttafélaginu Hötti Egilstöðum
- Sesselja Järvela, tilnefnd af fimleikadeild Gróttu

Tillaga stjórnar: Stjórn leggur til allir þeir sem boðnir voru fram til setu í fastanefndum sambandsins, verði fullgildir nefndarmenn. Nefndirnar skipti með sér störfum eins og þær telja best. Jafnframt tilnefni hver tækninefnd, þ.a.e.s. TKV, TK, THF og FFA, einn fulltrúa í fræðslunefnd FSÍ og nefndirnar TKV, TK og THF tilnefni einn fulltrúa í mótanefnd FSÍ og einn fulltrúa í dómarnefnd FSÍ.

Greinargerð:

Með þessari ráðstöfun næst þverfaglegt samstarf milli nefnda um mikilvæga þætti starfsemi sambandsins, annars vegar fræðslumál og hins vegar samráðsvettvangur tækninefnd um mótamál og dómaramál. Ljóst er að fleiri bjóða fram starfskrafta sína en gert er ráð fyrir í lögum sambandsins að starfi í hverri nefnd, en einungis er gert ráð fyrir því að hver fagnefnd sé skipuð 5 manns, fjórum kosnum af stjórn til viðbótar formanni sem kosin er á þingi FSÍ. Ekki er sjálfgefið að fólk sé tilbúið að starfa sem sjálfboðaliðar og gefa þannig verðmæta vinnu sína, en með breytingum á lögum sambandsins þar sem ekki er lengur gert skylt að kjósa í nefndir á þingi, gefst stjórn tækifæri til að þiggja starfskrafta allra þeirra sem bjóða sig fram eða eru tilnefndir.

Málið rætt

Tillaga samhljóða samþykkt

Formönnum fastanefnd FSÍ sem kosnir voru á þingi er falið að kalla nefndarmenn á fund og skipa sem sér verkum sem allra fyrst og koma upplýsingum til stjórnar um verkaskiptingu.

4. Heimild til að auglýsa starf sviðsstjóra fræðslumála

Á fimleikaþingi 4.maí síðastliðinn var samþykkt þingsályktunartillaga um að ráða til starfa sviðsstjóra fræðslumála. Stjórn leitar eftir heimild til þess að auglýsa starfið með þeim áherslum sem fram komu í þingsályktuninni.

Málið rætt,

Tillagan samþykkt. Framkvæmdastjóra er falið að útbúa auglýsingu um starfið og auglýsa innan hreyfingarinnar.

Fundi slitið kl. 18:05